



## 6. formannafundur Aftureldingar 26.janúar 2011

Fundur settur kl. 18:00

Mætt frá deildum: **Handbolti** Auður Gunnarsdóttir ; **Fótbolti** Kolbrún Þorsteinsdóttir, Erlendur Fjeldsted og Hallur Birgisson; **Blak** Guðrún Kristín Einarsdóttir; **Frjálssar** Ólafur Ingi Óskarson **Badminton** Ingvar Stefánsson ; **Fimleikar** Eva Magnúsdóttir ; **Taekwondo** Richard Már Jónsson ; **Karate** Andrea M. Jónsdóttir

Mætt frá stjórn UMFA: Jón Pálsson, Helga Jóhannesdóttir, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason og Anna Sigríður Guðnadóttir . Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

1. Samningur við Sportmenn
2. Samningur við Eldingu
3. Þing UMSK
4. Kvöldvökur
5. Félagsgjöld
6. Afreksmál
7. Fundir með stjórnun
8. Búningamál
9. Önnur mál

1. **Samningur við Sportmenn** Framkvæmdastjóri sagði frá samningi sem félagið hefur gert við fyrirtækið Sportmenn (Adidas umboðið) um að iðkendur og félagsmenn geti keypt skó á heildsöluverði. Fyrirkomulagið verður þannig að gjafabréf frá Sportmönnum verða til sölu á skrifstofu félagsins. Gjafabréfunum verður síðan framvísað í Adidas búðinni í Kringlunni þar sem þeir skór sem valdir hafa verið og greitt fyrir fást afhentir. Fyrirkomulagið verður nánar útfært og kynnt betur innan skamms.
2. **Samningur við Eldingu** Í gildi var samningur á milli bæjarins og Eldingar sem var þannig að fyrir vissa upphæð sem bærinn greiddi til Eldingar fengu íþróttafélög í Mosfellsbæ 250 æfingakort fyrir afreksfólk. Þar af fékk Afturelding um 170 kort. Sá samningur rann út í haust. Stjórn Aftureldingar vildi frekar gera sérstakan samning við Eldingu um aðgang afreksfólks sem hægt væri útfæra betur. Samningur hefur nú verið undirritaður og skv. honum fær Afturelding um 100 aðgangskort fyrir afreksfólk. Samningurinn kveður enn fremur á um að allir aðrir iðkendur geta keypt kort á afsláttarkjörum, 18000 árskort og 12000 krónur hálf ár. Þar að auki munu félagsmenn með félagskort (sjá lið 4) fá kort á verði 2 fyrir 1 eða aðgang fyrir einn með 35% afslætti. Samningurinn milli Aftureldingar og Eldingar verður viðauki við samning bæjarins við Eldingu.

Umræða varð um hvornig þessum kortum verði úthlutað. Talið eðlilegt að afreksráð ræði það og komi með tillögu að ramma. Líklega verði fyrirkomulagið þannig að deildir munu senda inn beiðnir um úthlutun korta. Fundarmenn voru sammála um að fylgjast verði vel með nýtingu á þessum afrekskortum svo kort festist ekki hjá aðilum sem ekki nýta þau.

3. **Þing UMSK** UMSK þing verður haldið fimmtudag 10. febrúar. UMFA á 9 fulltrúa þar. Áhugasamir félagar sem vilja sitja þingið eru beðnir að senda meldingu til framkvæmdastjóra.  
Formaður fór yfir það sem hefur verið efst á baugi s.s. mikil gróska í umræðunni um hlutverk UMSK í hagsmunagæslu félaganna. Einnig sagði formaður frá því að UMFA er í sambandi við UMSK um stofnun deildar fyrir 50+ íþróttir. Einnig hefur form UMFA verið í sambandi við framkvæmdastjóra UMSK um að halda þing um gildi íþróttastarfs fyrir samfélagið. Þetta er komið í gang og ÍSÍ er komið í þann pakka.  
UMFA er beðið að tilnefna aðila sem ætti að heiðra fyrir störf að íþróttamálum.  
Formenn deilda eru beðnir um að senda tilnefningar til framkvæmdastjóra.
4. **Kvöldvökur** Aðalstjórn hefur ákveðið að taka upp þráðinn frá kvöldvökunum sem endurvaktar voru á afmælisárinu. Kvöldvaka verður 17 febrúar. Hugmyndin er að reyna að fá Hafrúnu Kristjánsdóttur, sálfræðing og handboltakonu, til að halda fyrirlestur. Kynna siðareglurnar og einhver skemmtiatriði. Rætt var hugsanlegt fyrirkomulag kvöldvakanna og tíðni þeirra. Fundarmenn almennt sammála um að áhugasamt fólk taki sig saman um að halda kvöldvöku í stað þess að setja umsjónina á einstakar deildir í skylduvinnu. Ekki var talið skynsamlegt að halda mánaðarlegar kvöldvökur.
5. **Félagsgjöld** Umræðan um félagsgjöld hefur staðið lengi. Nú hefur aðalstjórn samþykkt að fara af stað með félagsgjöld og búa til pakka þar sem fríðindi eru í boði fyrir félagsmenn. Samningar eru komnir í höfn við Eldingu og N1. Sportmenn gætu fallið inn í þennan pakka. Aðalstjórn hefur ákveðið að árgjaldið verði 2900 krónur fyrsta árið. Rætt að svona verkefni þurfi að kynna vel og auglýsa. Mögulega útfærslu á félagsaðild (t.d. fjölskyldukort, hjónakort etc.) þarf að skoða þegar verkefnið er komið af stað.  
Formaður nefndi að tilboð hefði borist frá Ja.is þar sem boðið er að setja Aftureldingarmerki fyrir aftan nafnið sitt fyrir 5000 krónur og 50% renni til Aftureldingar. Fundarmenn sammála um að segja Ja.is að þau megi nota lógóið ef einhverjir vilja kaupa af þeim færslu.
6. **Afreksmál** Ekkert hefur gengið að fá afreksráð af stað. Aðalstjórn óskar eftir því að haldinn verði fundur með formönnum deilda, þjálfurum iðkenda 15 ára og eldri (eða annar skilgreindur afreksaldur) og öðrum félagsmönnum sem hafa áhuga á að taka þátt til að fá virkari umræðu í afreksmálin. Taka stöðuna, hvað er verið að gera í einstökum deildum, hvað er hægt að gera í samstarfi o.s.frv. Markmiðið er að í lok þess fundar verði komið nýtt afreksráð og skipulag komið á starfið. Ákveðið að funda kl. 16-18 sunnudaginn 6. febrúar. Í þessu samhengi var líka rætt um að kannski ætti að skikka alla afreksmennina til að mæta á félagsmálanámskeið eins og t.d. UMSK/ÍSÍ bjóða aðildarfélögum sínum enda fellur þannig fræðsla mjög vel að hlutverki ungmennafélags í samfélaginu.

7. **Fundir með stjórnnum deilda** Aðalstjórn óskar eftir að fá að funda með stjórnnum deilda. Framkvæmdastjóri mun senda út lista yfir umræðuefni. Stjórnir beðnar að taka á móti fulltrúum aðalstjórnar á næstu stjórnarfundum sínum og tilkynna framkvæmdastjóra um hvenær þeir fundir verða.
8. **Búningamál** Formaður reifaði gang mála varðandi aðdraganda þess að skipt var um söluaðila félagsgalla og búninga og eftirmál þeirrar ákvörðunar. Miklar rangfærslur hafa gengið innan félagsins, í bæjarblaðinu og víða í bæjarfélaginu um framgöngu búninganefndar, framkvæmdastjóra og aðalstjórnar. Lögfræðilít liggur nú fyrir um að rétt hafi verið staðið að útboði síðastliðið sumar. Umræða varð um málið og þeir sem til máls tóku lýstu allir ánægju sinni með núverandi samninga við Safalinn. Deildir eiga að snúa sér til framkvæmdastjóra með innkaup fyrir sínar deildir. Framkvæmdastjóri mun senda nákvæmar leiðbeiningar til deilda um hvernig þær snúi sér í sambandi við innkaup félagsfatnaðar. Minnt var á heimild til að skipta um tegund fatnaðar eða annars varnings sem deildum er úthlutað skv. samningnum við Safalinn og flytja á milli deilda ef viðkomandi deild nýtir sér ekki þann fatnað sem henni stendur til boða. Formaður sagði frá fundi sem aðalstjórn hélt með stjórn handboltans og búninganefnd þann 16. janúar síðastliðinn og las upp niðurstöðu þess fundar sem allir fundarmenn höfðu undirritað. Sú niðurstaða fylgir aftan við þessa fundargerð sem viðauki. Fundarmenn formannafundar lýstu fullum stuðningi við framgöngu búninganefndar og aðalstjórnar sem og niðurstöðu fundarins þann 16. janúar. Samkvæmt niðurstöðu þess fundar mun búninganefnd birta greinargerð um málið í Mosfellingi og var sú greinargerð lesin upp á fundinum.
9. **Önnur mál.** Auður Gunnarsdóttir vildi að brýnt yrði fyrir þjálfurum að stilla ekki börnum upp við vegg og krefjast þess að þau hætti í annarri íþróttagrein en þeirri sem viðkomandi þjálfari sinnir. Allir fundarmenn sammála og rætt að taka þetta fyrir í tengslum við umræður um siðareglur á fundi með þjálfurum. Guðrún Kristín hefur fengið leyfi hjá Hlyni í Frjálsum til að nota tíma á fimmtudögum til að nýta blakvél. Rætt að almennt skyldu deildir hliðra til hver fyrir annarri þegar það er mögulegt og ekki er full nýting á solum. GK tilkynnti einnig að Blakdeild fékk 300 þúsund króna styrk frá íþróttasjóði Menntamálaráðuneytisins til kaupa á vélinni. Formaður nefndi að borist hefði erindi um leiðinlega umgengi iðkenda innan vébanda Aftureldingar í búningasklefum hjá öðru félagi. Mikilvægt að taka þetta mál til umræðu og hvetja til betri umgengi og ganga þannig á undan með góðu fordæmi fyrir önnur félög.

**Fundi slitið kl 19:37**

**Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari aðalstjórnar.**

## **Viðauki með fundargerð sbr lið 8.**

Fundur aðalstjórnar Aftureldingar, búninganefndar, stjórnar handknattleiksdeildar og meistaraflokksráðs handknattleiksdeildar haldinn sunnudag 16. janúar 2011 að Varmá.

Fundarefni: Búningamál og samskipti innan félagsins vegna þeirra.

### **Niðurstaða fundarins:**

Formaður aðalstjórnar skrifar grein í næsta Mosfelling þar sem rangfærslur verða leiðréttar og ítarlegri upplýsingum verður komið á framfæri varðandi búningamál félagsins.

Í öðru lagi verði gefin út yfirlýsing frá formönnum allra deilda félagsins um að allar deildir þess, þar með talinn meistaraflokkur karla í handknattleik, muni spila/keppa í Errea búningum samkvæmt samningum félagsins við fyrirtækið Safalinn frá og með vori 2011.

Stjórn handknattleiksdeildar mun jafnframt upplýsa leikmenn eldri flokka deildarinnar um staðreyndir mála varðandi búningamál félagsins og niðurstöðu þessa fundar.

Ásmundur Pálsson, aðalstjórn

Guðjón Helgason, aðalstjórn

Kolbrún Þorsteinsdóttir, búninganefnd

Helga Jóhannesdóttir, aðalstjórn og búninganefnd

Guðrún K. Einarsdóttir, búninganefnd

Óskar Vídalín, BUR handknattleiksdeild

Brynjar Jóhannesson, framkvæmdastjóri UMFA

Auður Gunnarsdóttir, búninganefnd

Elín Reynisdóttir, formaður handknattleiksdeildar

Hlynur Þrastarson, gjaldkeri meistaraflokksráðs kk handknattleiksdeild

Sævar Kristinsson, aðalstjórn

Jón Pálsson, aðalstjórn

Anna Sigríður Guðnadóttir, aðalstjórn